

Skýrsla stjórnar klifurdeildar Fimleikafélagsins Bjarkar á milli aðalfunda 2014-2015

Stjórn deildarinnar

Á aðalfundi 2015 gáfu eftirtaldir kost á sér og voru kjörnir í stjórn:

Sigríður Kr Hafþórsdóttir, formaður.

Björn Hansson, meðstjórnandi.

Nína Sif M. Gilsfjörð, meðstjórnandi.

Kári Jóhannsson, meðstjórnandi.

Guðlaug Helga Þórðardóttir, meðstjórnandi.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Ragnheiður Arngrímsdóttir, meðstjórnandi.

Haldnir voru 5 formlegir fundir á tímabilinu, þjálfarar sitja alla fundi og við skipuleggjum starfið í sameiningu, oft eru minni mál afgreidd símleiðis eða í tölvupóstum.

Formaður sat fundi aðalstjórnar Fimleikafélagsins á ca tíu vikna fresti og miðlaði upplýsingum til stjórnarmeðlima sinna ýmist með tölvupósti eða á næsta fundi klifurstjórnar.

Starfsárið

Starf deildarinnar er komið í nokkuð fastar skorður, við höldum 2 mót, eitt á hvorri önn, stefnum á að fara í æfingaferðir á Dalvík 1x á hvorri önn, við sækjum um umhverfismarkað hjá Hafnarfjarðarbæ sem fjáröflun fyrir deildina og höfum fengið undanfarin ár, við höldum vorhátíð í Háabjalla sem er útklifursvæði á leiðinni til Grindavíkur og við höfum boðið krökkum í 3.bekk í grunnskólunum hér í Hafnarfirði í heimsókn til að kynna fyrir þeim klifur íþróttina, þar sem krakkar byrja yfirleitt ekki að klifra fyrr en 7-8 ára.

Síðastliðið haust var uppsetningunni á fimleikasalnum breytt, jafnvæggisslárnar voru færðar og áhöld fyrir strákana í fimleikunum komin næst klifurveggnum, þetta er mun betra, það hefur ekki komið upp neinn núningur á milli deilda eftir að þessu var breytt, sem er alveg frábært.

Iðkenda fjöldinn er svipaður á báðum önnum ca 65 iðkendur, nýskráningarnar hefðu mátt vera aðeins betri en við stefnum á að bjóða 3. bekkungum í grunnskólum bæjarins í heimsókn núna í apríl og maí, þeir krakkar sem hafa komið í heimsókn koma oft á sumarnámskeið og svo sem iðkendur á haustin.

Í júní var boðið upp á námskeið fyrir hádegi og eftir hádegi voru æfingar fyrir krakkana 13 ára og eldri, lokað var í júlí og í ágúst voru námskeið fyrir hádegi og við buðum svo öllum krökkum 10 ára og eldri að vera með á æfingum eftir hádegi.

Iðkendur og þjálfarar

Hópaskipting iðkenda í klifri.

2 byrjendahópar: 2x í viku í 1 klukkutíma í senn.

2 framhaldshópar: 2x í viku, 2 tíma í senn.

2 framhaldshópar: 3x í viku, 2 tíma í senn.

Örn Árnason var aðalþjálfari hjá deildinni síðast liðinn vetur en Sjöfn Jónsdóttir hóf aftur störf síðast liðið haust eftir árs fjarveru og er núna aðalþjálfari deildarinnar, þau hafa verið með 4 aðstoðarþjálfara með sér, það eru iðkendur og fyrrverandi iðkendur sem hafa stundað klifur í 4-5 ár.

Aðstaðan

Aðstaða klifurdeildarinnar er ágæt – línuveggurinn inni í fimleikasal þarfnast viðgerða, það eru þó nokkur skrufugöt í steypa hlutanum sem eru laus – einnig er veggurinn í rauninni ekki nægilega fjölbreyttur, væri hægt að auka fjölbreytileika hans með því að kaupa stóra fítusa og einnig væri hægt að lengja hann og fá þar meiri halla í vegginn, við viljum að stúkan sem er inn á klifursvæðinu verði tekin út, það svæði gætum við notað og bætt aðstöðu deildarinnar til muna.

Grjótglímuveggur í litlu Björk er líka ágætur en þar vantar einnig líka upp á fjölbreytileikann, þar stóð alltaf til að bæta við einhverskonar tré í miðjuna á svæðinu sem færi upp í loft og tengdist svo veggjunum til beggja hliða, en þrensclin, loftleysið og hávaðinn sem er oft þarna inni, draga úr áhuga okkar á að fara í frekari framkvæmdir þar.

Við erum alltaf að bæta búnaðinn okkar, keyptum ný grip og stefnum að því að kaupa klifurskó, í stærðunum 34 – 45, þannig að við getum leigt skó, bæði fyrir nýja iðkendur og einnig fyrir hópa sem koma í vegginn, en við stefnum á að auka aðsóknina í hann aftur.

Mót og keppnir

Okkar árlega Aðventumót var haldið 29.nóvember og Bjarkarmeistaramótið verður 24. apríl keppt er í línuklifri á þessum mótum, þátttakan er alltaf mjög góð, en flestir iðkendurnir taka þátt, sem er mjög ánægjulegt.

Bjarkarkrakkar hafa verið mjög dugleg að mæta á grjótglímumótin í Íslandsmeistaramótaröðinni, þau eru haldin í Klifurhúsinu, en keppt er í fimm aldursflokkum bæði hjá stelpum og strákuum, í þremur eldri aldursflokkunum eru það 3. stigahæðstu mótin sem tryggja Íslandsmeistaratitil, en í tveimur yngri flokkunum eru einungis áskoranir á hverju móti og allir fá þáttökupening.

Bikarmót var í fyrsta skipti haldið síðastliðið vor en á því móti keppa þeir 6 stiga hæstu í tveimur elstu aldurshópunum í Íslandsmeistaramótaröðinni, 8 keppendur frá okkur höfðu keppnisrétt, en það voru 6 sem kepptu og stóðu þau sig mjög vel. Bikarmótið í ár verður 10. apríl.

Við eignumst Íslandsmeistara í grjótglímu og stökki:

Arnar Freyr Hjartarson Íslandsmeistari í stökki - drengir 13-15 ára

Björn Gabríel Björnsson Íslandsmeistari í grjótglímu - drengir 13-15 ára

Óðinn Arnar Freysson Íslandsmeistari í grjótglímu - drengir 11-12 ára

Bjarkarmeistari í klifri 2015 drengir: Hjörtur Andri Hjartarson.
Bjarkarmeistari í klifri 2015 stúlkur: Kristjana Björg Þórsdóttir.

Bryndís Guðmundsdóttir var klifurkona 2015 og Arnar Freyr Hjartarson var klifurmaður 2015.
Bryndís var einnig valin íþróttakona félagsins.

Félagsstarf

Síðastliðið vor þá héldum við vorhátíðina okkar í Háabjalla, eins og síðastliðin ár, við vorum sæmilega heppin með veður, við förum saman foreldrar og iðkendur, krakkarnir klifra, við erum með slack line og svo endum við á því að grilla saman, þetta er kjörið tækifæri til að kynna krakkana fyrir útiklifri og þetta er orðinn árviss viðburður hjá okkur.

Í sumar voru norrænu klettaklifurbúðirnar NYC (Nordic Youth Camp) haldnar í Vastervik í Svíþjóð, það fóru 11 krakkar frá Íslandi, 5 frá Björk og 6 frá Klifurfélagi Reykjavíkur og Sjöfn þjálfari frá Klifurhúsinu og Didda frá Björk fóru sem fararstjórar með hópnum. Ferðin tókst mjög vel í alla staði, fjölbreytt klifuraðstaða og frábært veður.

Stefnt er að því að fara í tvær æfingaferðir á Dalvík, farið var í nóvember og einnig stefnum við á að fara 15-17. apríl. Þessar ferðir eru alltaf skemmtilegar og takast alltaf jafn vel, verslað er inn fyrir allan hópinn og allt er sameiginlegt. Krakkarnir eru endalaust dugleg að klifra, farið er í allskonar klifurleiki og aðstaðan í Víkurröst þar sem við erum er alveg frábær. Við förum í sund, röltum um bæinn og kaupum okkur ís. Yfirleitt er það þannig að við erum varla komin með hópinn í bæinn þegar farið er að spá í næstu Dalvíkurferð.

Við buðum krökkunum frá Akranesi til okkar í heimsókn einn laugardagsmorgun í febrúar, það var mikið klifrað og spjallað, svo var pizzapartý fyrir alla. Fyrirhugað er að fara upp á Skaga á undirbúningsmót fyrir bikarmótið með krakkana 13-15 ára sem hafa unnið sér inn keppnisrétt á Bikarmótinu í Klifurhúsinu. Einnig stefnum við á að fara til þeirra á Sumardaginn fyrsta í útiklifur í Akrafjalli, við förum til þeirra síðastliðið vor og var það ótrúlega góð ferð.

Síðastliðið haust sömdum við við Bros-boli um kaup á hettupeysum og bolum fyrir iðkendur deildarinnar sem voru merktar með nafni og logo-i deildarinnar aftaná, þetta mældist vel fyrir og margir keyptu sér bæði bol og peysu. Við endurtókum leikinn aftur nú á nýju ári og gátu þá bæði nýjir iðkendur og þeir sem ekki keyptu í haust pantað sér.

Lokaorð

Starfsárið hefur gengið mjög vel, við erum búin að koma starfinu í nokkuð fastar skorður með föstum liðum sem við erum búin að koma á síðast liðin þrjú ár. Við stefnum á að vera búin að kaupa leiguklifurskó fyrir næsta haust og þá vonumst við þá til að geta náð meiri nýtingu á klifurveggjunum hjá okkur einnig ef opnunartími hússins lengist á kvöldin og um helgar.

Formaður klifurdeildar Sigríður Kr. Hafþórsdóttir (Didda) er tilbúin að sitja áfram.

BjörnHansson, meðstjórnandi er tilbúinn að sitja áfram.

Nína Sif M. Gilsfjörð, meðstjórnandi er tilbúin að sitja áfram.

Kári Jóhannsson, meðstjórnandi er tilbúinn að sitja áfram

Guðlaug Helga Þórðardóttir, meðstjórnandi er tilbúin að sitja áfram.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi er tilbúin að sitja áfram.

Ragnheiður Arngrímsdóttir, meðstjórnandi er tilbún að sitja áfram.

Lilja Björk Baldvinsdóttir, meðstjórnandi, er ný í stjórn.

Fyrir hönd stjórnar
Sigríður Kr. Hafþórsdóttir,
formaður klifurdeildar Bjarkar.